

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 1. október 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026, 1. mál.

Jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða

LL vilja koma því skýrt á framfæri hversu mikilvægt það er að viðhalda greiðslu á jöfnunarframlagi örorkulífeyris.

Í athugasemdum frumvarpsins segir:

„27.50 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða

„Undir þennan málaflokk heyrir jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóða en fjárframlög hafa verið veitt úr ríkissjóði til að jafna og lækka mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða í samræmi við lög nr. 113/1990, um tryggingagjald. Til stendur að endurskoða fyrirkomulag jöfnunarframlagsins sem felur m.a. í sér að fjárheimild málaflokksins fellur niður að fullu á árinu 2026. Breytingar á framlaginu eru gerðar í tengslum við breytingar á örorkukerfi almannatrygginga sem tóku gildi þann 1. september, líkt og áður hefur verið fjallað um í fjármálaáætlun.“

Lengi hefur legið fyrir að örorkugreiðslur vega misþungt í heildargreiðslum lífeyris milli sjóða. Þær breytingar sem tóku gildi á almannatryggingum þann 1. september sl. breyta ekki þessari ójöfnu stöðu milli sjóða. Meðan unnið er að því að finna varanlega lausn á samspili á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða í greiðslum örorkulífeyris eru engar forsendur til að fella niður jöfnunarframlagið. Þessari vinnu ber að hraða og er greiðsla jöfnunarframlagsins afar mikilvæg meðan framtíðarlausn er ekki fundin.

Í 4. tl. 2. mgr. 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 segir:

„0,325% af gjaldstofni skv. III. kafla renni til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. VI. kafla.“

Í fjárlagafrumvarpinu segir um tekjur ríkissjóðs, undir sköttum á launatekjur og vinnuafli:

„112.6 Gjald til jöfn. og lækk. á örorkubyrði lífeyrissj. 8.195,0 8.216,0“

Hér ber að leggja áherslu á að umræddur skattur í formi tryggingagjalds byggir á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins við ríkið frá árinu 2005 og hefur gjaldið ákveðinn tilgang sem er að jafna örorkubyrði lífeyrissjóða. Engar forsendur hafa breyst aðrar en þær að framlagið hefur

eigi dugað til fullrar jöfnunar milli sjóða og sætir því furðu að eigi sé ætlunin að nýta framlagið til samræmis við tilgang sinn.

Af umræðu og fyrrgreindum texta úr frumvarpinu virðist sem verið sé að blanda saman jöfnunarframlaginu við kostnað sem breytingar á örorkulífeyri almannatrygginga hafa í för með sér. Þó að breytingar á almannatryggingakerfinu kæmu til með að draga úr umfangi örorku munu þær breytingar einar og sér ekki jafna örorkubyrði milli sjóða enda samsetning sjóðfélaga og tíðni örorku eftir sem áður ólík milli sjóða.

Hér er því um ólíka hluti að ræða og ekkert sem bendir til þess að umræddar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni komi til með að leiða til þess að örorkubyrði milli lífeyrissjóða muni jafnast samhliða þessum breytingum. Jöfnunarframlaginu er ætlað að draga úr þeim mismun sem fylgir því að misjöfn örorkubyrði getur dregið úr getu einstakra lífeyrissjóða til að standa undir skuldbindingum til greiðslu ellilífeyris til sinna sjóðfélaga. Örorkubyrðin skapar misvægi innan lífeyriskerfisins og lækkun framlagsins mun leiða til þess að skerða þarf réttindi sjóðfélaga í ákveðnum sjóðum. Á þetta einkum við um sjóði sem starfa á samningssviði ASÍ og SA. Einsýnt þykir að afnám framlagsins án aðkomu samningsaðila að slíkum breytingum er varhugaverð aðgerð og ekki til þess fallin að skapa traust og trúverðugleika til stjórnvalda.

Finna þarf samspili greiðslna örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða lausn til frambúðar. Meðan þeirri vinnu er ekki lokið er afar brýnt að sjóðirnir fái áfram umrædd jöfnunarframlag örorkulífeyris.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri